

2010:1 • 3. mars 2010

### Alþingiskosningar 25. apríl 2009

*General elections to the Althingi 25 April 2009*

#### Samantekt

Kosið var til Alþingis 25. apríl 2009. Við kosningarnar voru alls 227.843 á kjörskrá eða 71,4% landsmanna. Af þeim greiddu 193.975 atkvæði eða 85,1% kjósenda. Kosningapátttaka kvenna var meiri en karla, eða 85,8% á móti 84,5% hjá körlum.


Í kosningunum buðu sjö stjórnmálasamtök fram lista í öllum kjördænum. Af 882 frambjóðendum á landinu öllu voru 517 karlar eða 58,6% og 365 konur, 41,4%. Í þremur efstu sætum framboðslistanna var hlutfall kvenna lægra eða 38,1%. Hins vegar var hlutfall kvenna hærra meðal kjörinna þingmanna eða 42,9% en kjörnar voru 27 konur og 36 karlar. Hafa ekki fyrr svo margar konur verið kjörnar á þing en þeim fjölgæði um sjö frá kosningunum 2007.

Úrslit kosninganna 25. apríl 2009 urðu þau að gild atkvæði voru 187.183 (96,5%), auðir seðlar 6.226 (3,2%) og ógildir seðlar 566 (0,3%). Framsóknarflokkur hlaut 14,8% gildra atkvæða og níu menn kjörna, Sjálfstæðisflokkur 23,7% og 16 þingmenn, Borgarahreyfingin — þjóðin á þing 7,2% og fjóra þingmenn, Samfylkingin 29,8% og 20 þingmenn og Vinstrihreyfingin — grænt framboð 21,7% og 14 þingmenn. Frjálslyndi flokkurinn fékk 2,2% atkvæða og engan þingmann og Lýðræðishreyfingin 0,6% og engan þingmann.

**Tafla 1. Helstu niðurstöður í alþingiskosningum 25. apríl 2009**  
*Table 1. Main results of the general elections to the Althingi 25 April 2009*

	Gild atkvæði Valid votes	Hlutfallsleg skipting , % Percent of valid votes	Kjörnir þingmenn Members elected
<b>Alls Total</b>	<b>187.183</b>	<b>100</b>	<b>63</b>
Framsóknarflokkur <i>Progressive Party (B)</i>	27.699	14,8	9
Sjálfstæðisflokkur <i>Independence Party (D)</i>	44.371	23,7	16
Frjálslyndi flokkurinn <i>The Liberal Party (F)</i>	4.148	2,2	—
Borgarahreyfingin <i>The Civic Movement (O)</i>	13.519	7,2	4
Lýðræðishreyfingin <i>The Democratic Movement (P)</i>	1.107	0,6	—
Samfylkingin <i>The Social Democratic Alliance (S)</i>	55.758	29,8	20
Vinstrihreyfingin – grænt framboð			
<i>The Left-Green Movement (V)</i>	40.581	21,7	14



**Mynd 1. Atkvæðahlutfall stjórnmálflokka á landinu öllu 2009***Figure 1. Results of the general elections 2009. Percent of votes**For translation of names of political organisations see table 1 on page 1.*

## Framkvæmd kosninganna

### *Kosningalög*

Hinn 16. maí 2000 samþykkti Alþingi ný lög um kosningar til Alþingis (nr. 24/2000). Nýju lögum byggðust á stjórnarskrárbreytingu sem samþykkt var 1999. Í lögunum fólust veigamiklar breytingar á kjördæmaskipan landsins. Grundvallarmarkmið nýju laganna var að draga úr misvægi atkvæða eftir búsetu en jafnframt að tryggja enn frekar en áður að úthlutun þingsæta til stjórnmálasamtaka sé í samræmi við atkvæðatölu þeirra á landinu öllu. Kjördænum var fækkað úr átta í sex en fjöldi þingmanna var óbreyttur, eða 63.

Kosningalögin kveða á um tiltekinn fjölda þingsæta í hverju kjördæmi en landskjörstjórn ber þó að endurskoða skiptingu sæta að loknum hverjum alþingiskosningum eins og fram kemur hér síðar. Samkvæmt lögunum eru kjördæmin og fjöldi þingsæta sem hér segir: Norðvesturkjördæmi, Norðausturkjördæmi og Suðurkjördæmi 10 þingsæti hvert, Suðvesturkjördæmi, Reykjavíkurkjördæmi suður og Reykjavíkurkjördæmi norður 11 þingsæti hvert.

### *Endurskoðunarákvæði*

Í 9. gr. kosningalaganna er endurskoðunarákvæði sem mælir fyrir um tilfærslu þingsæta milli kjördæma í næstu alþingiskosningum á eftir. Þetta endurskoðunarákvæði er fært í lög til að leiðréttu misvægi atkvæða milli kjördæma svo að kjósendur að baki hverju þingsæti í einu kjördæmi nái ekki að verða helmingi færri en kjósendur að baki hverju þingsæti í einhverju öðru kjördæmi.

### *Leiðréttig misvægis milli kjördæma*


Kosið var samkvæmt nýju kosningalögunum í fyrsta sinn í alþingiskosningunum 2003. Niðurstöður þeirra kosninga sýndu að fjöldi kjósenda að baki hverju þingsæti í Norðvesturkjördæmi samsvaraði innan við helmingi kjósenda að baki hverju þingsæti í Suðvesturkjördæmi. Samkvæmt ákvörðun landskjörstjórnar skyldu því, við næstu almennu alþingiskosningar, níu þingsæti vera í Norðvesturkjördæmi (voru áður 10), átta kjördæmissæti og eitt jöfnunarsæti, en tólf þingsæti í Suðvesturkjördæmi (áður 11), tíu kjördæmissæti og tvö jöfnunarsæti.

Þingsætunum 63 var því skipt þannig milli kjördæma í kosningunum 2007: Norðvesturkjördæmi 9 þingsæti, Norðausturkjördæmi og Suðurkjördæmi 10 þingsæti hvort, Suðvesturkjördæmi 12 þingsæti, Reykjavíkurkjördæmi norður og suður 11 þingsæti hvort.

Niðurstöður kosninganna 2007 gáfu ekki tilefni til tilfærslna þingsæta að loknum þeim kosningum, sbr. 9. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 og gaf landskjörstjórn út auglýsingu 5. desember 2008 (nr. 1154/2008) þar að lútandi. Skipting þingsæta eftir kjördæmum í kosningunum 2009 var því sú sama og í kosningunum 2007. Landskjörstjórn gaf einnig út auglýsingu 3. apríl 2009 (nr. 346/2009) í samræmi við ákvæði kosningalaga um mörk kjördæma í Reykjavík fyrir alþingiskosningarnar 25. apríl en þau breyttust frá kosningunum 2007.

## Mynd 2. Kjördæmaskipan 2009

Figure 2. Constituencies in Iceland 2009



### Skýrslugerð

Löng hefð er fyrir því að Hagstofa Íslands taki saman skýrslur um almennar kosningar á Íslandi og í 116. grein kosningalaga nr. 24 frá árinu 2000 segir: „Kjörstjórnir skulu senda Hagstofu Íslands skýrslu um kosninguna ritaða á eyðublöð sem Hagstofan lætur í té.“

Í aðdraganda alþingiskosninganna 25. apríl 2009 létt Hagstofa Íslands kjörstjórnunum og yfirkjörstjórnunum í té eyðublöð til útfyllingar vegna skýrslugerðar um niðurstöður kosninganna. Leitað var eftir upplýsingum um fjölda kjörstaða og kjördeilda, fjölda kjósenda eftir kyni, fjölda greiddra atkvæða á kjörfundi, fjölda greiddra utankjörfundaratkvæða og loks heildarfjölda atkvæða. Að loknum kosningum sendu kjörstjórnir yfirkjörstjórnunum niðurstöður sínar og tóku yfirkjörstjórnir síðan saman yfirlit sem Hagstofa Íslands fékk til sinnar skýrslugerðar. Þá fékk Hagstofa Íslands einnig greinargerð landskjörstjórnar um úrslit kosninganna.

## Fjöldi á kjörskrá

### Hverjir mega kjósa?

Samkvæmt kosningalögum á hver íslenskur ríkisborgari 18 ára og eldri með lögheimili hér á landi kosningarrétt við kosningar til Alþingis. Íslenskur ríkisborgari 18 ára og eldri með lögheimili hér á landi á jafnframt kosningarrétt í átta ár eftir að hann flytur lögheimili sitt af landinu, talið frá 1. desember fyrir kjördag. Slíkur ríkisborgari á einnig kosningarrétt eftir þann tíma, enda hafi hann sótt um það samkvæmt nánari reglum kosningalaga.

Þjóðskrá lætur sveitarstjórnum í té stofn að kjörskrá, svonefndan kjörskrárstofn, sem þær gera svo úr garði að úr verður gild kjörskrá. Kjörskrá skal sveitarstjórn leggja fram almenningi til sýnis eigi síðar en 10 dögum fyrir kjördag og ber sveitarstjórn að leiðréttu kjörskrá, ef við á, fram á kjördag. Var þessi frestur sveitarstjórnar styttrur í átta daga fyrir kosningarnar 2009 samkvæmt bráðabirgðaákvæði kosningalaga. Með endanlegri kjörskrá hefur verið tekið tillit til fjölda látinna og þeirra sem fengið hafa nýtt ríkisfang eftir að kjörskrárstofn var unninn, svo og annarra leiðréttið sem gerðar hafa verið á kjörskrárstofninum. Kjörskrá við alþingiskosningarnar 25. apríl 2009 vék lítillega frá upphaflegum kjörskrárstofni. Á kjörskrárstofni sem Hagstofan birti voru skráðir alls 227.896 kjósendur, eða 53 fleiri en á endanlegri kjörskrá að loknum kosningum.

### Kjósendur á kjörskrá: 227.843

Við alþingiskosningarnar 25. apríl 2009 voru 227.843 manns á kjörskrá, eða 71,4% allra landsmanna. Í alþingiskosningum 2007 var þetta hlutfall 71,1%. Síðasta stóra breytingin á kosningarrétti landsmanna var samþykkt árið 1984 þegar kosningaldur var lækkaður úr 20 árum í 18 og fleiri takmarkandi þættir á kosningarrétti rýmkaðir. Á kjörskrárstofni árið 2009 voru 9.924 með lögheimili erlendis, eða 4,4% allra sem höfðu kosningarrétt (tafla 3). Nýir kjósendur með kosningarárétt (sem höfðu ekki aldur til að kjósa í kosningunum 2007) voru 9.398, eða 4,1% allra kjósenda.

**Tafla 2. Kosningaþátttaka í alþingiskosningum 1987–2009**

Table 2. Participation in general elections 1987–2009

	1987	1991	1995	1999	2003	2007	2009
<b>Kjósendur á kjörskrá</b>							
<i>Voters on the electoral roll</i>	<b>171.402</b>	<b>182.768</b>	<b>191.973</b>	<b>201.443</b>	<b>211.304</b>	<b>221.330</b>	<b>227.843</b>
Hlutfall af íbúatölu							
<i>Percent of population</i>	70,0	71,1	71,8	72,8	73,0	71,1	71,4
Karlar <i>Males</i>	85.694	91.332	95.921	100.517	105.426	110.382	113.574
Konur <i>Females</i>	85.708	91.436	96.052	100.926	105.878	110.948	114.269
<b>Greidd atkvæði Votes cast</b>							
Karlar <i>Males</i>	77.528	80.280	83.708	84.228	91.930	91.978	95.962
Konur <i>Females</i>	76.910	79.862	84.043	85.196	93.462	93.093	98.013
<b>Kosningaþátttaka, %</b>							
<i>Participation, %</i>	<b>90,1</b>	<b>87,6</b>	<b>87,4</b>	<b>84,1</b>	<b>87,7</b>	<b>83,6</b>	<b>85,1</b>
Karlar <i>Males</i>	90,5	87,9	87,3	83,8	87,2	83,3	84,5
Konur <i>Females</i>	89,7	87,3	87,5	84,4	88,3	83,9	85,8

**Tafla 3. Kjósendur á kjörskrá og kjörskrárstofni fyrir alþingiskosningar 2009**

*Table 3. Voters on the electoral roll and on the preliminary electoral roll prior to general elections 2009*

	Alls Total	Norð- vestur- kjörd. kjörd.	Norð- austur kjörd. kjörd.	Suður- vestur- kjörd. kjörd.	Suð- vestur- kjörd. kjörd.	víkur- kjörd. suður	Reykja- virkur- norður
<b>Kjósendur á kjörskrá alls</b>							
<i>Voters on the electoral roll, total</i>	<b>227.843</b>	<b>21.293</b>	<b>28.352</b>	<b>32.482</b>	<b>58.202</b>	<b>43.747</b>	<b>43.767</b>
Karlar <i>Males</i>	113.574	10.919	14.429	16.658	28.693	21.298	21.577
Konur <i>Females</i>	114.269	10.374	13.923	15.824	29.509	22.449	22.190
<b>Kjósendur á kjörskrárstofni alls</b>							
<i>Voters on preliminary electoral roll</i>	<b>227.896</b>	21.294	28.362	32.505	58.203	43.748	43.784
Karlar <i>Males</i>	<b>113.601</b>	10.919	14.438	16.667	28.698	21.296	21.583
Konur <i>Females</i>	<b>114.295</b>	10.375	13.924	15.838	29.505	22.452	22.201
Kjósendur með lögheimili erlendis							
<i>Domicile abroad</i>	<b>9.924</b>	624	875	1.107	2.558	2.313	2.447
Kjósendur með lögheimili erlendis %							
<i>Domicile abroad, %</i>	4,4	2,9	3,1	3,4	4,4	5,3	5,6

*For translation of constituencies see table 4 on page 6.*

**Kjósendur á hvern þingmann**

Þó að kosningalögunum hafi verið breytt (nr. 24/2000) til að jafna stærð kjördæma urðu niðurstöður úr kosningunum 2003 og 2009 þær að u.þ.b. helmingi færri kjósendur voru í fámennasta kjördæminu (Norðvesturkjördæmi) en því fjölmennasta (Suðvesturkjördæmi).

Í kosningunum 2009 voru fæstir kjósendur á hvern þingmann í Norðvesturkjördæmi, eða 2.366, en flestir kjósendur voru á hvern þingmann í Suðvesturkjördæmi, eða 4.850 (tafla 4). Hlutfallið þarna á milli er 2,050 og vegna þess að það er yfir tveimur gefur það samkvæmt ákvæðum kosningalaga tilefni til að breyta fjölda þingsæta í tveimur kjördæmum fyrir næstu alþingiskosningar. Hefur landskjörstjórn gefið út auglýsingu (nr.433/2009) um að fjöldi þingsæta í Norðvesturkjördæmi verði þá 8, sjö kjördæmissæti og eitt jöfnunarsæti en 13 í Suðvesturkjördæmi, 11 kjördæmissæti og tvö jöfnunarsæti.

**Tafla 4. Kjósendur á kjörskrá á hvern þingmann í alþingiskosningum 2009**  
**Table 4. Voters on the electoral roll per member of the Althingi in general elections 2009**

	Kjósendur á kjörskrá <i>Voters on electoral roll</i>	Fjöldi þingmanna <i>Althingi members</i>	Kjósendur á hvern þingmann <i>Voters per seat in Althingi</i>	Kjósendur á bak við hæstu tölú i kjördæmi, % <sup>1</sup> <i>Althingi</i>
<b>Allt landið Whole country</b>	<b>227.843</b>	<b>63</b>	<b>3.617</b>	<b>•</b>
Norðvesturkjördæmi Northwest	21.293	9	2.366	48,8
Norðausturkjördæmi Northeast	28.352	10	2.835	58,5
Suðurkjördæmi South	32.482	10	3.248	67,0
Suðvesturkjördæmi Southwest	58.202	12	4.850	100,0
Reykjavíkurkjördæmi suður Reykjavík south	43.747	11	3.977	82,0
Reykjavíkurkjördæmi norður Reykjavík north	43.767	11	3.979	82,0


<sup>1</sup> Sbr. ákvæði 9. gr. laga nr. 24/2000 um kosningar til Alþingis. *Voters per member of Althingi as percent of the highest number in any constituency.*

### Kosningabátttaka

#### Kosningabátttaka 85,1%

Við alþingiskosningarnar 25. apríl 2009 greiddu atkvæði alls 193.975 kjósendur, eða 85,1% allra kosningabærra manna. Er þetta hærri kosningabátttaka en árið 2007 (tafla 2). Þátttaka kvenna var 85,8% en hjá körlum var hún minni, eða 84,5% fyrir landið í heild (tafla 5). Þá var þáttökuhlutfall kvenna hærra en karla í öllum kjördæmum nema einu, Norðausturkjördæmi, og hærra í 53 sveitarfélögum af 78 (tafla 22). Frá og með þingkosningunum 1995 hefur kosningabátttaka kvenna verið örliðið meiri en karla, en í þingkosningum fram að því var þátttaka karla ætíð meiri en kvenna.

**Mynd 3. Kosningabátttaka í alþingiskosningum eftir kyni 1959–2009**  
**Figure 3. Participation in general elections by sex 1959–2009**



*Kosningapátttaka meiri á  
landsbyggð en  
höfuðborgarsvæði*

Kosningapátttaka var mest í Suðvesturkjördæmi, 86,4%, en minnst í Reykjavíkurkjördæmi norður, 83,3%. Í einstökum sveitarfélögum var kosningapátttakan hæst í Fljótsdalshreppi (95,9%) en lægst í Árneshreppi (69,0%), en í ellefu sveitarfélögum á landinu var kosningapátttakan undir 80% (töflur 5 og 21). Í fjórum sveitarfélögum var hlutfallið 90% eða herra (tafla 5). Kosningapátttaka á höfuðborgarsvæðinu öllu var 84,9% á móti 85,6% á landsbyggðinni. Var kosningapátttaka kvenna hærri en karla í báðum tilvikum (tafla 6).

**Tafla 5. Kosningapátttaka í alþingiskosningum 2009**  
*Table 5. Participation in general elections 2009*

	Atkvæði	Norð- vestur- alls	Norð- austur- Suður- vestur- Total	Suð- kjörd.	víkur- kjörd.	víkur- kjörd.	Reykja- suður	Reykja- norður
<b>Greidd atkvæði af kjósendum á kjörskrá, %</b>								
<i>Participation of voters on electoral roll, %</i>	<b>85,1</b>	<b>85,5</b>	<b>85,5</b>	<b>85,7</b>	<b>86,4</b>	<b>84,4</b>	<b>83,3</b>	
Karlar <i>Males</i>	84,5	84,3	85,6	85,0	85,9	83,5	82,6	
Konur <i>Females</i>	85,8	86,9	85,5	86,5	87,0	85,2	83,9	
<b>Utankjörfundaratkvæði, %<sup>1</sup></b>								
<i>Absentee votes, %<sup>1</sup></i>	<b>12,5</b>	<b>13,5</b>	<b>15,0</b>	<b>11,0</b>	<b>11,2</b>	<b>12,5</b>	<b>13,6</b>	
<b>Sveitarfélög eftir kosningapátttöku</b>								
<i>Municipalities by participation</i>								
< 79,9%	11	10	1	—	—	—	—	—
80,0–84,9%	17	6	3	6	—	1	1	
85,0–89,9%	47	10	16	14	7	—	—	
90,0–94,9%	3	1	2	—	—	—	—	
95,0–100%	1	—	1	—	—	—	—	

*For translation of constituencies see table 4 on page 6.*

<sup>1</sup> Hlutfall af greiddum atkvæðum. Percent of votes cast.

**Tafla 6. Kosningapátttaka á höfuðborgarsvæði og landsbyggð í alþingiskosningum 2009**

*Table 6. Participation in and outside the Capital region in general elections 2009*

	Greidd atkvæði <i>Votes cast</i>	Kjósendur á kjörskrá <i>Voters on the electoral roll</i>	Kosningapátttaka, % <i>Participation, %</i>
<b>Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i></b>	<b>123.681</b>	<b>145.716</b>	<b>84,9</b>
Karlar <i>Males</i>	60.261	71.568	84,2
Konur <i>Females</i>	63.420	74.148	85,5
<b>Landsbyggð <i>Outside Capital region</i></b>	<b>70.294</b>	<b>82.127</b>	<b>85,6</b>
Karlar <i>Males</i>	35.701	42.006	85,0
Konur <i>Females</i>	34.593	40.121	86,2

Skýringar Notes: Höfuðborgarsvæðið nær til Reykjavíkurkjördæmis suður, Reykjavíkurkjördæmis norður og Suðvesturkjördæmis. Landsbyggð nær yfir Norðvesturkjördæmi, Norðausturkjördæmi og Suðurkjördæmi. Capital region refers to the the constituencies Reykjavík south, Reykjavík north and Southwest constituency. Outside Capital region covers the constituencies Northwest, Northeast and South.

## Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar

Kjósandi sem gerir ráð fyrir að vera fjarverandi á kjördag eða geta ekki sótt kjörfund af öðrum ástæðum hefur heimild til að greiða atkvæði utan kjörfundar, sbr. 56. gr. kosningalaga.

### 12,5% atkvæða utan kjörfundar

Af þeim sem greiddu atkvæði í þingkosningunum 2009 skiliðu 24.309 manns atkvæði sínu utan kjörfundar, eða 12,5% kjósenda. Í þingkosningunum 2007 var hlutfallið 12,8%. Fleiri karlar en konur greiddu atkvæði utan kjörfundar, 13,2% á móti 11,9% kvenna, og er það samkvæmt venju. Hæst var hlutfallið í Norðausturkjördæmi (15,0%), en lægst (11,0%) í Suðurkjördæmi (tafla 7).

**Tafla 7. Utankjörfundaratkvæði eftir kjördænum 2009**  
*Table 7. Absentee votes in general elections by constituency 2009*

	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
<b>Utankjörfundaratkvæði alls</b>			
<i>Absentee votes, total</i>	<b>24.309</b>	<b>12.663</b>	<b>11.646</b>
Norðvesturkjördæmi	2.450	1.242	1.208
Norðausturkjördæmi	3.642	1.968	1.674
Suðurkjördæmi	3.048	1.692	1.356
Suðvesturkjördæmi	5.624	2.946	2.678
Reykjavíkurkjördæmi suður	4.607	2.296	2.311
Reykjavíkurkjördæmi norður	4.938	2.519	2.419
<b>Hlutfall af greiddum atkvæðum</b>			
<i>Percent of votes cast</i>	<b>12,5</b>	<b>13,2</b>	<b>11,9</b>
Norðvesturkjördæmi	13,5	13,5	13,4
Norðausturkjördæmi	15,0	15,9	14,1
Suðurkjördæmi	11,0	12,0	9,9
Suðvesturkjördæmi	11,2	11,9	10,4
Reykjavíkurkjördæmi suður	12,5	12,9	12,1
Reykjavíkurkjördæmi norður	13,6	14,1	13,0
<b>Hlutfall af kjósendum á kjörskrá</b>			
<i>Percent of voters on the electoral roll</i>	<b>10,7</b>	<b>11,1</b>	<b>10,2</b>
Norðvesturkjördæmi	11,5	11,4	11,6
Norðausturkjördæmi	12,8	13,6	12,0
Suðurkjördæmi	9,4	10,2	8,6
Suðvesturkjördæmi	9,7	10,3	9,1
Reykjavíkurkjördæmi suður	10,5	10,8	10,3
Reykjavíkurkjördæmi norður	11,3	11,7	10,9

For translation of constituencies see table 4 on page 6.

## Framboðslistar og frambjóðendur

### Sjö stjórnmálasamtök buðu fram

Í alþingiskosningunum 2009 buðu sjö stjórnmálasamtök fram lista í öllum kjördænumunum sex eða einum fleiri en í kosningunum 2007. Þessi samtök voru: Framsóknarflokkur (B), Sjálfstæðisflokkur (D), Frjálslyndi flokkurinn (F), Borgarahreyfingin — þjóðin á þing (O), Lýðræðishreyfingin (P), Samfylkingin (S) og Vinstrihreyfingin — grænt framboð (V).

*Fleiri karlar en konur í framboði*

Boðnir voru fram 42 framboðslistar á landinu öllu í kosningunum 2009 samanborið við 36 í kosningum 2007 (tafla 8). Frambjóðendur voru alls 882 í kosningunum 2009 og skiptust þeir í 517 karla og 365 konur. Hlutfall karla af frambjóðendum var 58,6% en kvenna 41,4% þegar öll nöfn á framboðslistum eru talin (tafla 8) en hlutfall kvenna var 47,2% í kosningunum 2007. Af frambjóðendum í fyrstu þremur sætum listanna voru karlframbjóðendur 78 (61,9%) en kvenframbjóðendur 48 (38,1%). Fleiri karlar en konur voru í framboði í öllum sex kjördæmum landsins (hlutfall karla 56–63%). Aðeins í einu kjördæmi, Suðvesturkjördæmi, voru fleiri konur en karlar í þremur efstu sætum listanna. Mestur var kynjamunurinn í Norðvestur- og Norðausturkjördæmi þar sem 71% þriggja efstu frambjóðenda voru karlar (tafla 9).

**Tafla 8. Framboð til alþingiskosninga 1983–2009**  
*Table 8. Candidate lists in general elections 1983–2009*

Stjórnmála- samtök <i>Political organisations</i>	Framboðs- listar <i>Candidate lists</i>	Frambjóðendur Candidates					
		Fjöldi Number			Hlutfall Percent		
		Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	
1983	7	45	556	361	195	64,9	35,1
1987	10	64	958	521	437	54,4	45,6
1991	11	67	1.029	560	469	54,4	45,6
1995	10	56	843	418	425	49,6	50,4
1999	8	51	776	464	312	59,8	40,2
2003	7	37	776	447	329	57,6	42,4
2007	6	36	756	399	357	52,8	47,2
2009	7	42	882	517	365	58,6	41,4

*Frambjóðendur í 1.–3. sæti*

Munur var á kynjahlutfalli á höfuðborgarsvæði og landsbyggð þegar litið er til frambjóðenda í 1.–3. sæti. Á höfuðborgarsvæði voru 44% frambjóðenda konur en 32% á landsbyggðinni sem þýðir að kvenframbjóðendur þar voru tiltölulega neðarlega á framboðslistum (myndir 4 og 5).

*Kynjaskipting frambjóðenda  
eftir stjórnmálasamtökum*

Hjá tveimur af sjö stjórnmálasamtökum sem buðu fram voru heldur fleiri konur en karlar í framboði þ.e. hjá Samfylkingu og Vinstrihreyfingunni — grænu framboði en hlutur kvenna þar var tær 52%. Hjá öðrum samtökum var hlutur kvenna minnstur 20% hjá LÝðræðishreyfingunni en mestur 49% hjá Framsóknarflokki. Hæst hlutfall kvenna í 1.–3. sæti listanna var hjá Vinstrihreyfingunni — grænu framboði, 56% og 50% hjá Samfylkingunni en á bilinu 33–44% hjá öðrum stjórnmálasamtökum nema LÝðræðishreyfingunni þar sem hlutfall kvenna var tær 6% (tafla 9).


**Tafla 9. Frambjóðendur við alþingiskosningar 2009**  
*Table 9. Candidates for general elections 2009*

	Fjöldi Number			Hlutfall Percent	
	Alls Total	Karlar Males	Konur Females	Karlar Males	Konur Females
	<b>Allir frambjóðendur All candidates</b>				
<b>Alls Total</b>	<b>882</b>	<b>517</b>	<b>365</b>	<b>58,6</b>	<b>41,4</b>
Norðvesturkjördæmi	126	79	47	62,7	37,3
Norðausturkjördæmi	140	85	55	60,7	39,3
Suðurkjördæmi	140	80	60	57,1	42,9
Suðvesturkjördæmi	168	100	68	59,5	40,5
Reykjavíkurkjördæmi suður	154	87	67	56,5	43,5
Reykjavíkurkjördæmi norður	154	86	68	55,8	44,2
<b>Stjórnmálasamtök Political organis.</b>	<b>882</b>	<b>517</b>	<b>365</b>	<b>58,6</b>	<b>41,4</b>
Framsóknarflokkur	126	64	62	50,8	49,2
Sjálfstæðisflokkur	126	70	56	55,6	44,4
Frjálslyndi flokkurinn	126	83	43	65,9	34,1
Borgarahreyfingin	126	77	49	61,1	38,9
Lýðræðishreyfingin	126	101	25	80,2	19,8
Samfylkingin	126	61	65	48,4	51,6
Vinstri hreyfingin — grænt framboð	126	61	65	48,4	51,6
<b>Frambjóðendur 1.–3. sæti</b>					
<i>Candidates in 1st–3rd place on lists</i>					
<b>Alls Total</b>	<b>126</b>	<b>78</b>	<b>48</b>	<b>61,9</b>	<b>38,1</b>
Norðvesturkjördæmi	21	15	6	71,4	28,6
Norðausturkjördæmi	21	15	6	71,4	28,6
Suðurkjördæmi	21	13	8	61,9	38,1
Suðvesturkjördæmi	21	10	11	47,6	52,4
Reykjavíkurkjördæmi suður	21	11	10	52,4	47,6
Reykjavíkurkjördæmi norður	21	14	7	66,7	33,3
<b>Stjórnmálasamtök Political organis.</b>	<b>126</b>	<b>78</b>	<b>48</b>	<b>61,9</b>	<b>38,1</b>
Framsóknarflokkur	18	11	7	61,1	38,9
Sjálfstæðisflokkur	18	11	7	61,1	38,9
Frjálslyndi flokkurinn	18	12	6	66,7	33,3
Borgarahreyfingin	18	10	8	55,6	44,4
Lýðræðishreyfingin	18	17	1	94,4	5,6
Samfylkingin	18	9	9	50,0	50,0
Vinstri hreyfingin — grænt framboð	18	8	10	44,4	55,6


For translation of political organisations see page 1. For translation of constituencies see table 4 on page 6.

**Mynd 4. Frambjóðendur eftir kyni í alþingiskosningunum 2009**  
*Figure 4. Candidates by sex in general elections 2009*


Frambjóðendur eftir kyni  
*Candidates by sex*




Frambjóðendur í 1.-3. sæti eftir kyni  
*Candidates in 1st–3rd place on lists*




Frambjóðendur á höfuðborgarsvæði  
*Candidates in the Capital region*




Frambjóðendur á landsbyggð  
*Candidates outside the Capital region*



Frambjóðendur í 1.-3. sæti á höfuðborgarsvæði  
*Candidates in 1st–3rd place on lists in the Capital region*




Frambjóðendur í 1.-3. sæti á landsbyggð  
*Candidates in 1st–3rd place on lists outside the Capital region*



**Mynd 5. Frambjóðendur í 1.–3. sæti í alþingiskosningum 2009 eftir stjórnmálasamtökum og kyni**

*Figure 5. Candidates in 1st–3rd place on lists in general elections 2009 by political organisation and sex*




Meðalaldur frambjóðenda  
44,0 ár

Meðalaldur frambjóðenda á kjördag 25. apríl 2009 var 44,0 ár og meðalaldur karla og kvenna nánast sá sami, 44,0 ár og 44,1 ár (tafla 10). Meðalaldur þjóðarinnar á kosningaaldri var 45,5 ár um mitt ár 2009 en meðalaldur þjóðarinnar allrar var 36,3 ár. Meðalaldur frambjóðenda var því lítillega lægri en meðalaldur kosningabærra manna. Af stjórnmálasamtökum var meðalaldur frambjóðenda hæstur í Frjálslynda floknum, 46,3 ár, og lægstur hjá Borgarahreyfingunni, 40,4 ár (tafla 10). Meðalaldur frambjóðenda var hæstur í kjördænum höfuðborgarsvæðisins, 45,1 ár í Reykjavíkurkjördæmi norður og 44,8 í Reykjavíkurkjördæmi suður, en lægstur í Norðausturkjördæmi, 42,1 ár (tafla 11). Kynjamunur í meðalaldri var frá 0,2 til 3,3 ár eftir stjórnmálasamtökum og frá 0,3 til 2,4 ár eftir kjördænum.

**Mynd 6. Aldursdreifing frambjóðenda eftir kyni 2009**

*Figure 6. Age of candidates in general elections 2009*



**Tafla 10. Frambjóðendur eftir kyni, aldri og stjórnmálasamtökum í alþingiskosningum 2009**

Table 10. Candidates by sex, age and political organisation in general elections 2009

	Alls Total	18–29 ára years	30–39 ára years	40–49 ára years	50–59 ára years	60–69 ára years	70–79 ára years	80 ára– and older	Meðal- aldur Mean age
<b>Alls Total</b>	<b>882</b>	<b>160</b>	<b>193</b>	<b>232</b>	<b>188</b>	<b>72</b>	<b>28</b>	<b>9</b>	<b>44,0</b>
Framsóknarflokkur	126	26	34	31	17	12	3	3	42,8
Sjálfstæðisflokkur	126	20	31	37	22	11	4	1	43,6
Frjálslyndi flokkurinn	126	28	10	30	36	16	6	—	46,3
Borgarahreyfingin	126	25	40	34	21	6	—	—	40,4
Lýðræðishreyfingin	126	29	24	32	30	5	6	—	42,4
Samfylkingin	126	16	27	37	33	7	6	—	45,4
Vinstri hreyfingin — grænt framboð	126	16	27	31	29	15	3	5	47,2
<b>Karlar Males</b>	<b>517</b>	<b>97</b>	<b>115</b>	<b>125</b>	<b>112</b>	<b>46</b>	<b>17</b>	<b>5</b>	<b>44,0</b>
Framsóknarflokkur	64	14	18	14	9	5	2	2	42,7
Sjálfstæðisflokkur	70	12	16	18	13	9	2	—	44,2
Frjálslyndi flokkurinn	83	21	7	19	19	13	4	—	45,4
Borgarahreyfingin	77	17	26	19	13	2	—	—	39,4
Lýðræðishreyfingin	101	20	22	24	27	4	4	—	43,1
Samfylkingin	61	7	14	15	15	6	4	—	46,5
Vinstri hreyfingin — grænt framboð	61	6	12	16	16	7	1	3	47,9
<b>Konur Females</b>	<b>365</b>	<b>63</b>	<b>78</b>	<b>107</b>	<b>76</b>	<b>26</b>	<b>11</b>	<b>4</b>	<b>44,1</b>
Framsóknarflokkur	62	12	16	17	8	7	1	1	42,9
Sjálfstæðisflokkur	56	8	15	19	9	2	2	1	42,9
Frjálslyndi flokkurinn	43	7	3	11	17	3	2	—	47,8
Borgarahreyfingin	49	8	14	15	8	4	—	—	42,1
Lýðræðishreyfingin	25	9	2	8	3	1	2	—	39,8
Samfylkingin	65	9	13	22	18	1	2	—	44,4
Vinstri hreyfingin — grænt framboð	65	10	15	15	13	8	2	2	46,5

For translation of names of political organisations see page 1.

**Tafla 11. Frambjóðendur eftir kyni, aldri og kjördæmum í alþingiskosningum 2009**

*Table 11. Candidates by sex, age and constituency in general elections 2009*

	Alls Total	18–29 ára years	30–39 ára years	40–49 ára years	50–59 ára years	60–69 ára years	70–79 ára years	ára– and older	80 Meðal- aldur Mean age
<b>Alls Total</b>	<b>882</b>	<b>160</b>	<b>193</b>	<b>232</b>	<b>188</b>	<b>72</b>	<b>28</b>	<b>9</b>	<b>44,0</b>
Norðvesturkjördæmi	126	23	28	31	28	12	4	—	43,9
Norðausturkjördæmi	140	31	35	34	27	5	6	2	42,1
Suðurkjördæmi	140	20	37	43	26	10	3	1	43,4
Suðvesturkjördæmi	168	32	29	51	33	16	5	2	44,5
Reykjavíkurkjördæmi suður	154	26	29	43	36	15	3	2	44,8
Reykjavíkurkjördæmi norður	154	28	35	30	38	14	7	2	45,1
<b>Karlar Males</b>	<b>517</b>	<b>97</b>	<b>115</b>	<b>125</b>	<b>112</b>	<b>46</b>	<b>17</b>	<b>5</b>	<b>44,0</b>
Norðvesturkjördæmi	79	15	20	19	13	8	4	—	43,6
Norðausturkjördæmi	85	21	18	19	19	4	3	1	42,5
Suðurkjördæmi	80	10	19	24	18	6	2	1	44,4
Suðvesturkjördæmi	100	24	16	22	22	12	3	1	44,2
Reykjavíkurkjördæmi suður	87	15	17	25	19	9	1	1	44,2
Reykjavíkurkjördæmi norður	86	12	25	16	21	7	4	1	45,0
<b>Konur Females</b>	<b>365</b>	<b>63</b>	<b>78</b>	<b>107</b>	<b>76</b>	<b>26</b>	<b>11</b>	<b>4</b>	<b>44,1</b>
Norðvesturkjördæmi	47	8	8	12	15	4	—	—	44,3
Norðausturkjördæmi	55	10	17	15	8	1	3	1	41,6
Suðurkjördæmi	60	10	18	19	8	4	1	—	42,1
Suðvesturkjördæmi	68	8	13	29	11	4	2	1	44,9
Reykjavíkurkjördæmi suður	67	11	12	18	17	6	2	1	45,6
Reykjavíkurkjördæmi norður	68	16	10	14	17	7	3	1	45,2

*For translation of constituencies see table 4 on page 6.*

### Úrslit kosninganna 25. apríl 2009

Í alþingiskosningunum 25. apríl 2009 voru greidd alls 193.975 atkvæði. Gild atkvæði voru 187.183 en auðir seðlar 6.226 og ógildir seðlar 566. Kosningaþátttakan á landinu öllu var 85,1%.

#### Kjörfylgi

Samfylkingin hlaut flest atkvæði á landinu öllu, 55.758, en það jafngildir 29,8% af öllum gildum atkvæðum og fékk hún 20 þingmenn kjörna. Sjálfstæðisflokkurinn fékk 44.371 atkvæði, 23,7%, og 16 þingmenn. Vinstrihreyfingin — grænt framboð fékk 40.581 atkvæði, 21,7%, og 14 þingmenn. Framsóknarflokkur fékk 27.699 atkvæði, 14,8%, og 9 þingmenn. Borgarahreyfingin — þjóðin á þing fékk 13.519 atkvæði, 7,2% atkvæða og 4 þingmenn. Frjálslyndi flokkurinn fékk 4.148 atkvæði, 2,2%, og engan þingmann kjörinn og Lýðræðishreyfingin fékk 1.107 atkvæði og 0,6% atkvæða og heldur engan þingmann kjörinn. Sjálfstæðisflokkur fékk flest atkvæði í Norðvesturkjördæmi og Vinstrihreyfingin — grænt framboð í Norðausturkjördæmi en Samfylkingin var með flest atkvæði í hinum fjórum kjördæmunum. (tafla 12).

**Tafla 12. Niðurstöður alþingiskosninga eftir kjördænum 2009**  
*Table 12. Results of general elections 2009, by constituency*

	Alls <i>Total</i>	Norð- vestur- kjörd. <i>Norðvesturkjörd.</i>	Norð- austur- kjörd. <i>Norðausturkjörd.</i>	Suður- kjörd. <i>Suðkjörd.</i>	Suð- vestur- kjörd. <i>Suðvesturkjörd.</i>	Reykja- víkur- kjörd. <i>Reykjavíkurkjörd.</i>	Reykja- víkur- norður <i>Reykjavíkurnorður</i>
<b>Kjósendur á kjörskrá</b>							
<i>Voters on the electoral roll</i>	<b>227.843</b>	<b>21.293</b>	<b>28.352</b>	<b>32.482</b>	<b>58.202</b>	<b>43.747</b>	<b>43.767</b>
<b>Greidd atkvæði Votes cast</b>							
<i>Kosningaþátttaka, %</i>	<b>193.975</b>	<b>18.214</b>	<b>24.249</b>	<b>27.831</b>	<b>50.315</b>	<b>36.926</b>	<b>36.440</b>
<i>Participation, %</i>	<b>85,1</b>	<b>85,5</b>	<b>85,5</b>	<b>85,7</b>	<b>86,4</b>	<b>84,4</b>	<b>83,3</b>
Auðir og ógildir seðlar							
<i>Blank and void ballots</i>	<b>6.792</b>	<b>609</b>	<b>881</b>	<b>866</b>	<b>1.612</b>	<b>1.505</b>	<b>1.319</b>
<b>Gild atkvæði alls</b>							
<i>Valid votes, total</i>	<b>187.183</b>	<b>17.605</b>	<b>23.368</b>	<b>26.965</b>	<b>48.703</b>	<b>35.421</b>	<b>35.121</b>
Framsóknarflokkur	27.699	3.967	5.905	5.390	5.627	3.435	3.375
Sjálfstæðisflokkur	44.371	4.037	4.079	7.073	13.463	8.211	7.508
Frjálslyndi flokkurinn	4.148	929	384	838	741	700	556
Borgarahreyfingin	13.519	587	690	1.381	4.428	3.076	3.357
Lýðræðishreyfingin	1.107	66	61	127	302	226	325
Samfylkingin	55.758	4.001	5.312	7.541	15.669	11.667	11.568
Vinstri hreyfingin - grænt framboð	40.581	4.018	6.937	4.615	8.473	8.106	8.432
<b>Hlutfallsleg skipting</b>							
<i>Percent breakdown</i>							
<b>Gild atkvæði Valid votes</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
Framsóknarflokkur	14,8	22,5	25,3	20,0	11,6	9,7	9,6
Sjálfstæðisflokkur	23,7	22,9	17,5	26,2	27,6	23,2	21,4
Frjálslyndi flokkurinn	2,2	5,3	1,6	3,1	1,5	2,0	1,6
Borgarahreyfingin	7,2	3,3	3,0	5,1	9,1	8,7	9,6
Lýðræðishreyfingin	0,6	0,4	0,3	0,5	0,6	0,6	0,9
Samfylkingin	29,8	22,7	22,7	28,0	32,2	32,9	32,9
Vinstri hreyfingin - grænt framboð	21,7	22,8	29,7	17,1	17,4	22,9	24,0
<b>Kjörnir þingmenn</b>							
<i>Members of the Althingi</i>	<b>63</b>	<b>9</b>	<b>10</b>	<b>10</b>	<b>12</b>	<b>11</b>	<b>11</b>
Framsóknarflokkur	9	2	2	2	1	1	1
Sjálfstæðisflokkur	16	2	2	3	4	3	2
Frjálslyndi flokkurinn	—	—	—	—	—	—	—
Borgarahreyfingin	4	—	—	1	1	1	1
Lýðræðishreyfingin	—	—	—	—	—	—	—
Samfylkingin	20	2	3	3	4	4	4
Vinstri hreyfingin - grænt framboð	14	3	3	1	2	2	3

For translation of names of political organisations see page 1 and for translation of constituencies see page 6.

**Tafla 13. Úrslit alþingiskosninga fyrir landið allt 1991–2009**  
*Table 13. Results of general elections 1991–2009*


	1991	1995	1999	2003	2007	2009
<b>Gild atkvæði alls Valid votes</b>	<b>157.769</b>	<b>165.043</b>	<b>165.727</b>	<b>183.172</b>	<b>182.169</b>	<b>187.183</b>
Alþýðuflokkur	24.459	18.846	•	•	•	•
Framsóknarflokkur	29.866	38.485	30.415	32.484	21.350	27.699
Sjálfstæðisflokkur	60.836	61.183	67.513	61.701	66.754	44.371
Alþýðubandalag	22.706	23.597	•	•	•	•
Samtök um kvennalista	13.069	8.031	•	•	•	•
Þjóðvaki, hreyfing fólksins	•	11.806	•	•	•	•
Frjálslyndi flokkurinn	•	•	6.919	13.523	13.233	4.148
Borgarahreyfingin — þjóðin á þing	•	•	•	•	•	13.519
Samfylkingin	•	•	44.378	56.700	48.743	55.758
Vinstrihreyfingin — grænt framboð	•	•	15.115	16.129	26.136	40.581
Aðrir og utan flokka	6.833	3.095	1.387	2.635	5.953	1.107
<b>Atkvæðahlutfall Percentage</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
Alþýðuflokkur	15,5	11,4	•	•	•	•
Framsóknarflokkur	18,9	23,3	18,4	17,7	11,7	14,8
Sjálfstæðisflokkur	38,6	37,1	40,7	33,7	36,6	23,7
Alþýðubandalag	14,4	14,3	•	•	•	•
Samtök um kvennalista	8,3	4,9	•	•	•	•
Þjóðvaki, hreyfing fólksins	•	7,2	•	•	•	•
Frjálslyndi flokkurinn	•	•	4,2	7,4	7,3	2,2
Borgarahreyfingin — þjóðin á þing	•	•	•	•	•	7,2
Samfylkingin	•	•	26,8	31,0	26,8	29,8
Vinstrihreyfingin — grænt framboð	•	•	9,1	8,8	14,3	21,7
Aðrir og utan flokka	4,3	1,9	0,8	1,4	3,3	0,6
<b>Þingsæti Elected members</b>	<b>63</b>	<b>63</b>	<b>63</b>	<b>63</b>	<b>63</b>	<b>63</b>
Alþýðuflokkur	10	7	•	•	•	•
Framsóknarflokkur	13	15	12	12	7	9
Sjálfstæðisflokkur	26	25	26	22	25	16
Alþýðubandalag	9	9	•	•	•	•
Samtök um kvennalista	5	3	•	•	•	•
Þjóðvaki, hreyfing fólksins	•	4	•	•	•	•
Frjálslyndi flokkurinn	•	•	2	4	4	—
Borgarahreyfingin — þjóðin á þing	•	•	•	•	•	4
Samfylkingin	•	•	17	20	18	20
Vinstrihreyfingin — grænt framboð	•	•	6	5	9	14
Aðrir og utan flokka	—	—	—	—	—	—

For translation of names of political organisations see page 1.

*Fylgibreytingar frá  
kosningunum 2007*

Nokkur breyting varð á fylgi stjórnmálasamtaka í kosningunum 25. apríl 2009 miðað við kosningarnar 2007. Tvinn samtök töpuðu fylgi en þrenn bættu fylgi sitt. Sjálfstæðisflokkur missti 12,9 prósentustig og níu þingmenn og Frjálslyndi flokkurinn 5,0 prósentustig og fjóra þingmenn. Framsóknarflokkurinn og Samfylkingin bættu við sig þremur prósentustigum og tveimur þingmönum hvor samtök og Vinstrihreyfingin — grænt framboð 7,3 prósentustigum og fimm þingmönum (mynd 7). Tvinn ný stjórnmálasamtök komu til sögunnar 2009, Borgarahreyfingin og Lýðræðishreyfingin og ein samtök, Íslandshreyfingin, sem bauð fram 2007 bauð ekki fram 2009.

**Mynd 7. Fylgi stjórnmálasamtaka í alþingiskosningum 2007 og 2009**  
*Figure 7. Results of general elections by political organisation 2007 and 2009*




*Misjafnt fylgi á höfuðborgarsvæði og landsbyggð*

Ef fylgi flokka á höfuðborgarsvæði og landsbyggð við kosningarnar 2009 er skoðað kemur í ljós að Framsóknarflokkurinn var með hlutfallslega helmingi meira fylgi á landsbyggðinni en höfuðborgarsvæðinu. Samfylkingin og Borgarahreyfingin voru hins vegar með umtalsvert meira fylgi á höfuðborgarsvæði en á landsbyggð. Tiltölulega lítt munur var hvað þessa skiptingu varðar hjá Sjálfstæðisflokkni og Vinstrihreyfingunni — grænu framboði en fylgi Sjálfstæðisflokkks var heldur meira á höfuðborgarsvæðinu en fylgi Vinstrihreyfingarinnar — græns framboðs meira á landsbyggðinni (tafla 14).

**Mynd 8. Fylgi stjórnmálasamtaka á höfuðborgarsvæði og landsbyggð í alþingiskosningum 2009**

*Figure 8. Percent of votes by political organisation in and outside the Capital region in general elections 2009*



**Tafla 14. Atkvæði stjórnmálasamtaka á höfuðborgarsvæði og landsbyggð í alþingiskosningum 2009**

*Table 14. Votes to political organisations in and outside Capital region in general elections 2009*

	Atkvæði alls <i>Votes total</i>		Atkvæði alls, % <i>Votes total, %</i>	
	Höfuðborgar- svæði <i>Capital region</i>	Landsbyggð Outside capital <i>region</i>	Höfuðborgar- svæði <i>Capital region</i>	Landsbyggð Outside capital <i>region</i>
<b>Gild atkvæði alls</b>				
<b>Total number of valid votes</b>	<b>119.245</b>	<b>67.938</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
Framsóknarflokkur <i>Progressive Party</i>	12.437	15.262	10,4	22,5
Sjálfstæðisflokkur <i>Independence Party</i>	29.182	15.189	24,5	22,4
Frjálslyndi flokkurinn <i>The Liberal Party</i>	1.997	2.151	1,7	3,2
Borgarahreyfingin <i>The Civic Movement</i>	10.861	2.658	9,1	3,9
Lýðræðishreyfingin <i>The Democratic Movement</i>	853	254	0,7	0,4
Samfylkingin <i>The Social Democratic Alliance</i>	38.904	16.854	32,6	24,8
Vinstri hreyfingin — grænt framboð <i>The Left-Green Movement</i>	25.011	15.570	21,0	22,9

Auð atkvæði 3,2% og ógild  
atkvæði 0,3%

Greidd atkvæði í alþingiskosningum skiptast í gild atkvæði, auða seðla og ógilda. Kosningaþátttaka reiknast út frá greiddum atkvæðum í heild en fylgi stjórnmálasamtaka út frá gildum atkvæðum. Ævinlega verður nokkur fjöldi greiddra atkvæða ógildur í kosningum ýmist sökum þess að kjósandi skilar auðum seðli eða ómerkir hann viljandi eða af vangá. Í kosningunum 2009 skiliðu 6.226 kjósendur auðum seðlum, en það samsvarar 3,2% greiddra atkvæða, en 566 atkvæðaseðlar töldust ógildir, sem jafngildir 0,3% greiddra atkvæða. Samanlöögð tala auðra og ógildra atkvæða var því 6.792, eða 3,5% greiddra atkvæða. Er þetta mun hærra hlutfall en í alþingiskosningunum 2007 en þá var þetta hlutfall 1,6% og 1,7% að meðaltali í alþingiskosningunum 1971–2003. Árið 2009 var hlutfall ógildra atkvæða 0,2% af greiddum atkvæðum í tveimur kjördænum, 0,3% í þremur en hæst 0,5% í einu kjördæmi, Reykjavíkurkjördæmi norður. Hlutfall auðra seðla var lægst 2,8% í Suðurkjördæmi en hæst 3,8% í Reykjavíkurkjördæmi suður (tafla 15).

*Atkvæðaseðlar til úrskurðar*

Í kjölfar kosninganna 25. apríl 2009 fékk Alþingi til úrskurðar þrjá atkvæðaseðla, einn úr Suðurkjördæmi og two úr Reykjavíkurkjördæmi suður sem ágreiningur var um. Yfirkjörstjórnir kjördæmannna töldu þá til ógildra atkvæða en kjörbréfanefnd taldi atkvæðin hins vegar gild og þannig greidd framboðum að eitt atkvæði felli V-lista Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í skaut í Suðurkjördæmi en tvö atkvæði D-lista Sjálfstæðisfloks í Reykjavíkurkjördæmi suður. Alþingi samþykkti þessa tillögu kjörbréfanefndar á þingsetningarfundi 15. maí 2009. Hafði þetta í för með sér smávægilegar breytingar á upphaflegum niðurstöðum kosninganna en breytti þó engu um skipan Alþingis eða röð þingmanna og varamanna. Hefur verið tekið tillit til þessa úrskurðar, bæði af hálfu landskjörstjórnar og hér í ritinu.

**Tafla 15. Auðir seðlar og ógildir í alþingiskosningum 2009**  
*Table 15. Blank and void ballots in general elections 2009*

	Auðir seðlar og ógildir Blank and void ballots				
